



Menntun - Gleði - Umhyggja - Framfarir

## Góð ráð við heimalestur

1. Finndu tíma til að hlusta á barnið þitt lesa
2. Komið ykkur þægilega fyrir, sitjið saman. Hafið ekki sjónvarp eða annað í gangi sem gæti truflað
3. Áður en lestur hefst: Skoðið saman bókarkápuna og teikningar í bókinni og spáið fyrir um hvað textinn gæti verið
4. Þegar barnið les, flýtið ykkur ekki að leiðrétta ef rangt er lesið - nema þið finnið að barnið missir þráðinn
5. Þjóðist til að lesa tiltekna persónu í sögunni. Hvetjið barnið til að setja rödd og líf í lesturinn
6. Þegar lesið er aftur eftir hlé, hvetjið barnið til að rifja upp það sem var verið að lesa. Ræðið textann, spyrjið, spáið fyrir um framhald og tengið efnið við daglegt líf
7. Lesið fyrir barnið í lestrarbókinni þegar þess er þörf
8. Barnið og foreldrið geta skipst á að lesa
9. Hrósið alltaf fyrir athugasemdir og framfarir
10. Látið barnið vita hve ánægjulegt það sé fyrir þig, foreldrið, að hlusta á barnið lesa

## Brekkuskóli Akureyri

v/Skólástig  
600 Akureyri  
Sími: 462-2525  
E-mail: brekkuskoli@akmennt.is

# Svona gerum við



á yngsta aldurstigi



Í þessum bæklingi má finna eftirfarandi efni:

- \* Læsi og lestrarkennsla
- \* Uppbyggingarstefnan
- \* Morgunhressing og hádegismatur
- \* Aðbúnaður og námsgögn
- \* Stundaskrá og upplýsingamiðlun
- \* Góð ráð við heimalestur



Heimalestur er mikilvæg þjálfun

*Þátttaka foreldra í lestrarnámi barns þeirra er meiri áhrifavaldur en nokkur annar bakgrunnsþáttur nemenda s.s. stétt, fjölskyldustærð eða menntun foreldra"*

(Flouri & Buchanan, 2004)

*„Rannsóknir sýna að því fyrr sem foreldrar fara að taka þátt í lestrarnámi barna þeirra, þeim mun magnaðri verður árangur og langtímaáhrif meiri“*

(Mullis, Mullis, Cornille ofl., 2004)

*„Lestrarfærni er aðgöngumiði að árangri í öðrum bóklefum fögum“ (Jordan, Snow og Porsche, 2000)*

*„Rannsóknir sýna að þátttaka foreldra í name barna sinna hefur ótvíræð jákvæð áhrif á gengi þeirra í name almennt, en þó sérstaklega varðandi læsi. Sama gildir um frammistöðu barna í skólanum“ (Fan og Chen, 2001)*



## Stundaskrá og upplýsingamiðlun

### Kennslutími

Kennsla fer fram á hvern virkan dag samkvæmt skóladagatali skólans frá kl. 08:00 - 13:10.

### Námskeið

Flestir þurfa aðstoð af einhverju tagi á lífsleiðinni. Sú aðstoð getur verið til að æfa betur kennda færni eða koma til móts við bráðgera nemendur. Sumir þurfa á löngu námskeiði að halda á meðan aðrir þurfa einungis aðstoð í stuttan tíma. Kennsluaðstaða námskeiða er í Bangsastofu og þar eru að jafnaði einn til tveir starfsmenn. Fjöldi námskeiðsnema getur verið mjög breytilegur. Uppbyggingarstefnan er fléttuð inn í vinnu á námskeiðum.

### Útivera - frímínútur

Útivera á skólalóð er kl. 10 - 10:40 og á eftir matmálistíma sem er á yngsta stigi kl. 11:15 - 12:10. Eftir það hefst síðasta námslota.



### Gagnkvæm upplýsingamiðlun

Starfsfólk Brekkuskóla ber ávallt velferð nemenda fyrir brjósti og leggur sig fram um að tryggja nemendum öryggi, vellíðan og vinnufrið til að þeir geti notið skólagöngu sinnar. Því er mikilvægt að foreldrar upplýsi skólann um þætti sem kunna að hafa áhrif á skólagöngu barna þeirra. Skólinn nýtir upplýsingakerfið Mentor til upplýsingamiðlunar. Í gegnum Mentor geta foreldrar fengið upplýsingar um stundaskrá, fylgst með námsframvindu barnsins, verið í samskiptum við kennara og aðra foreldra í gegnum netpóst svo eitthvað sé nefnt. Aðgang að Mentor fá foreldra sendan í tölvupósti við upphaf skólagöngu. Ef aðgangur er týndur skal hafa samband við ritara skólans og til að fá nýjan aðgang. Allar almennar upplýsingar um skólastarfið, s.s. skóladagatal og skipulag starfins má finna á vef skólans [www.brekuskoli.is](http://www.brekuskoli.is). Þar má einnig nálgast fréttavef árgangsins og myndir úr starfinu.

## Aðbúnaður og námsgögn

### Leiðin í skólann

Í upphafi skólagöngu og á hverju hausti er mikilvægt að fara yfir helstu umferðarreglur sem nemendur þurfa að þekkja og geta nýtt sér til að tryggja öryggi sitt í umferðinni milli heimilis og skóla.

### Akstur umhverfis skólann

Vinsamlegast akið varlega umhverfis skólann. Hleyptu barni þínu út úr bifreið á öruggu svæði.

### Inngangur í skólann

Yngsta aldurstigi Brekkuskóla er til húsa á neðsta stigagangi.

1. og 2. bekkur notar inngang á neðstu hæð suð/vestan megin í aðalbyggingu

3. bekkur notar inngang norðan megin í aðalbyggingu.

### Íþrótt- og útifatnaður

Nemendur þurfa að hafa með sér sérstök fót og handklæði í íþróttatíma, þar með talið sund. Foreldrar geta valið að barn þeirra sleppi því að fara í sturtu að loknum íþróttatíma. Mikilvægt er að nemendur komi í skólann klæddir og skóaðir eftir veðri og hafi aukasokka í töskunni sinni þegar vatnsveður er (snjócoma, rigning). Þá er einnig mikilvægt að nemandi geti með góðu móti klætt sig sjálfst úr og í útifatnað og skó. Munið að merkja allt vel, það getur komið í veg fyrir sárindi og tap á eignum. 'Avallt er reynt að koma merktum fatnaði í réttar hendur.

### Námsgögn

Námsgagnalisti verður settur á vef skólans [www.brekkuskoli.is](http://www.brekkuskoli.is) fyrir skólabyrjun að hausti



## Læsi og lestrarkennsla

Haustið 2010 var kennsluáferðin *Byrjendalæsi* formlega tekin upp á yngsta aldurstigi skólans. Kennsluáferðin hefur verið þróuð við Skólaþróunarsvið Háskólans á Akureyri og er meginmarkmið hennar að börn nái góðum árangri í læsi sem allra fyrst á skólagöngu sinni.

Gengið er út frá því að börn þurfi lesefni sem kveikir áhuga þeirra, ýtir undir ímyndunaraflíð, hvetur þau til gagnrýnnar hugsunar og gefur þeim færi á að mynda merkingabærar tengingar við eigið líf. Til grundvallar lestrarkennslunnar er notaður vel valinn gæðatexti og hann nýttur sem efniviður í vinnu með stafi og hljóð, vinnu með orðaforða og skilning, en einnig ritun af ýmsu tagi.

Unnið er eftir vikulegum kennsluáætlunum. Byrjað er á að lesa yfir gæðatexta fyrir nemendur. Innihaldið er rætt og blæbrigði máls tekið til umfjöllunar s.s. munurinn á litlu og pinulitlu, læðast eða þjóta. Gengið er út frá að ríkur orðaforði og gott vald á máli auki lesskilning barna.

Næst tekur við kennsla á stöfum, réttiritun, málfræði og annað sem þarf að nema. Lykilorð er valið úr textanum. Ef kenna á stafina **r** og **á**, er valið orð sem inniheldur þá stafi s.s. **strákar**. Byrjað er á að finna fleiri orð úr lykilorðinu s.s. **strá, rá, kar**. Svo má rugla stöfunum og búa til ný orð úr þeim s.s. **rák, kast, tár**. Kennend eru sérstaklega hljóð og form sta-fanna **r** og **á** og fjölbreytt verkefni unnið til að þjálfa nýja færni.

Samhliða því að kenna nemendum þessa tækni hefst enduruppbygging. Á þessu stigi kennslunnar semja nemendur út frá eigin brjósti ýmislegt sem tengist orðaforða úr efni gæðatextans sem lesinn var í upphafi.

Byrjendalæsi er gjarnan samþætt við aðrar námsgreinar.



### Heimalestur

Ætlast er til þess að nemendur lesi heima daglega. Lestur er kenndur í skólanum en lestrarþjálfun fer fram heima. Án æfingar verður enginn góður lesari. Kennari velur efni til heimalesturs út frá stöðu nemandans. Heimalestur er skráður á lestrarblað daglega. Þá getur það einnig verið heimavinna að ræða ýmislegt sem snertir það efni sem tekið er fyrir í gæðatexta hverju sinni. Það geta verið ókunn orð og orðasambönd, tilfinningar og hegðun, bókstafir og samsett orð svo eitthvað sé nefnt.

## Uppbyggingarstefnan

Brekkuskóli vinnur samkvæmt Uppbyggingarstefnunni. Nemendur á yngsta aldurstigi fá þjálfun í að þekkja þarfir sínar og annarra (öryggi, að tilheyra, áhrif, gleði, frelsi) og ræða um þær. Námsþópar gera með sér sáttmála, ræða um mikilvæg gildi, skilgreina og læra að þekkja hlutverk sitt sem nemanda og hvert hlutverk kennari er. Þá er einnig rætt um hvar mörkin liggja í hegðun og þau gerð skýr fyrir nemandanum með umræðum og hlutverkaleikjum.

## Uppbyggilegur Olweus

Brekkuskóli vinnur samkvæmt Olweusaráætlun gegn einelti, en hún er fléttuð við uppbyggingarstefnuna og við köllum gjarnan „Uppbyggilegur Olweus“. Allt starfsfólk skólans vinnur að því að skapa andrúmsloft sem einkennist af alúð og hlýju, en þó ákveðnum römum sem við tölum um í daglegu tali „skýr mörk“. Uppbyggilegum Olweusi er ætlað að taka á og fyrirbyggja einelti. Námsráðgjafi og stjórnandi leggja tengslakannanir fyrir í 2. og 3. bekk. Umsjónarkennarar nýta upplýsingar úr þeim til þess að vinna með líðan nemenda og byggja upp tengsl þeirra á milli.

Við teljum mikilvægt að nemendur hafi skýran ramma bæði heima við og í skóla. Þannig læri nemandinn að þekkja skýr mörk og beita hegðun sinni á uppbyggilegan hátt.

## Hegðun samkvæmt litum

Nemendur fá þjálfun í að greina hegðun út frá fjórum litum. Þannig verður umræðan skýr en um leið ekki persónuleg.

**Rauður;** meidir með orðum, höndum og fótum. Er ógnandi, vill ráða. Líður mjög illa.

**Gulur;** Meidir með orðum, segir ljótt, lætur illa, truflar, stríðir og svikur loforð. Líður illa eða mjög illa.

**Grár;** er niðurlátur, óöruggur og óánægður með sig, dregur sig í hlé. Líður illa.

**Grænn;** er í jafnvægi og líður vel. Hann þorir að hjálpa og segja sína skoðun. Hann veit að hann er góður í sumu en ekki öllu því allir eru góðir í einhverju en enginn í öllu.



## Morgunhressing og hádegismatur

Í skólanum er mótuneyti og við leggjum okkur fram um að nemendur á yngsta stigi verði sem mest sjálfbjarga og örugg þar. Nemendur fara í röðum með kennara í matsal og setja sjálf meðlæti á diskana sína. Nemendur sitja við ákveðið borð og geta alltaf verið öruggir um sæti. Kennarar og stuðningsfulltrúar borða með nemendum á yngsta aldurstigi.

## Hafragrautur

Í upphafi hvers dags er boðið upp á hafragraut í matsal skólans sem er nemendum gjaldfrjál. Við hvetjum nemendur til að nýta sér þetta tilboð og eru foreldrar velkomnir með nemendum á meðan þeir eru að kynna þessu tilboði. Hafragrauturinn er styrkur af foreldrafélagi skólans.

## Morgunhressing

Hægt er að kaupa annarskrift að hálfum eða heilum ávexti sem morgunhressingu. Einnig geta nemendur komið með léttu hressingu að heiman. Ætlast er til þess að hollusta sé höfð í fyrirrúmi og nemendur mæti þá með brauð, ávexti eða grænmeti. Allir afgangar af nesti fara heim aftur svo foreldrar geti fylgst með því hve mikið börn þeirra borða. Umbúðir undan spónamat (t.d. jógúrt, Ab-mjól, skyri) eru sendar heim og því þurfa plastpokar eða nestisbox að fylgja til að setja ílátin í. Boðið er upp á mjólkuráskrift í skólanum auk þess sem vatn er ávallt í boði. Ekki er ætlast til að nemendur komi með drykkjarvörur að heiman.

## Hádegismatur

Hægt er að kaupa annarskrift að mat á [www.matartorg.is](http://www.matartorg.is) senda nemendur með sérstakt hádegisnesti.

